

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála - 207. mál
Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála, 207. mál

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 24. október 2014, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála, 207. mál Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Barnaverndarstofa telur í upphafi jákvætt að farið sé yfir skipulag kærú- og úrskurðarnefnda með það fyrir augum að stytta málsmeðferðartíma og bæta vinnslu þeirra mála sem nefndirnar afgreiða. Barnaverndarstofa telur þó ástæðu til þess að vekja athygli á nokkrum atriðum er varða þau verkefni sem kærunefnd barnaverndarmála sinnir í dag.

Fá verkefni innan stjórnáráðs eru viðkvæmari og sérhæfðari en barnaverndarmál. Vinnsla þeirra kallar á mjög sérhæfða þekkingu og bendir Barnaverndarstofa t.a.m. á að þekking á stjórnáráðsrétti eða mannréttindum er almennt ekki nægileg heldur þarf til viðbótar að koma sérstök þekking á séreðli barnaverndarmála og þeim sérstöku málsmeðferðarreglum sem gilda um vinnslu barnaverndarmála. Barnaverndarstofa hefur þannig nokkrar áhyggjur af því að sú sérhæfða þekking sem myndast hefur á barnaverndarmálum tapist með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu. Bendir Barnaverndarstofa í þessu sambandi á að eins og fyrirkomulag mála er þar í dag eru allir nefndarmenn með áralanga þekkingu og reynslu af barnaverndarmálum auk þess sem starfsmaður nefndarinnar hefur unnið fyrir nefndina um árabíl. Jafnframt hefur afgreiðslutími nefndarinnar verið ásættanlegur.

Frumvarpið, eins og það lítur nú út gerir ekki ráð fyrir að sálfræðingur, félagsráðgjafi eða annar einstaklingur með sambærilega menntun, sitji í nefndinni. Er slík menntun nefndarmanna að mati barnaverndarstofu mikilvæg auk sérhæfðrar menntunar og reynslu af málsmeðferðarreglum barnaverndarlaga. Hætt er við því að sú þekking sem þarf að vera inni varðandi börn og málefni þeirra tapist með þessum breytingum. Bendir Barnaverndarstofa einnig á að frumvarpið gerir það aldrei að kröfu að sérfróður aðili sé kveðinn nefndinni til ráðgjafar heldur er eingöngu um heimildarákvæði að ræða, sbr. orðalag 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Hér er rétt að minna á að á árinu 2013 lögfesti Alþingi samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013. Er í 3. gr. samningsins kveðið á um skyldu þeirra sem gera ráðstafanir varðandi börn um að setja það sem barni er fyrir bestu í forgang og eru löggjafarstofnanir sérstaklega tilgreindar í ákvæðinu. Bendir Barnaverndarstofa á að það er ekkert í frumvarpinu sem bendir til þess að umræddar breytingar séu til hagsbóta fyrir börn og þeirra málefni, sbr. það sem rakið hefur verið að framan. Má þannig velta fyrir sér hvort umrætt frumvarp uppfyllir skilyrði 3. gr. samningsins.

Verði ákveðið að fella verkefni kærunefndar barnaverndarmála inn í nýja úrskurðarnefnd velferðarmála telur Barnaverndarstofa mikilvægt að nefndinni verði gert skylt að fá sérfræðinga í málefnum barna og barnaverndar sér til ráðgjafar þegar úrskurðað er á grundvelli barnaverndarlaga. Þyrfti að gera breytingar á 3. gr. frumvarpsins að þessu leyti.

Einnig þyrfti að gera kröfum að að lágmarki tveir þeirra nefndarmanna sem skipaðir eru í nefndina hefðu sérstaka þekkingu á barnaverndarmálum og að þeir einstaklingar sætu ávallt í nefndinni þegar úrskurðað er á grundvelli barnaverndarlaga.

Barnaverndarstofa bendir jafnframt á að í 7. gr. þyrfti að kveða á um að sérstakar reglur um málsmeðferð í lögum sem hin kærða ákvörðun byggist á gangi framur þeim almennu málsmeðferðarreglum sem kveðið er á um í frumvarpinu líkt og gert er með kærufresti í 5. gr. frumvarpsins.

Að lokum bendir Barnaverndarstofa á að nokkurn tíma tekur að auglýsa eftir nefndarmönnum og starfsfólki, ganga frá húsnæði o.þ.h. Telur Barnaverndarstofa þannig óraunhæft að ný nefnd geti tekið til starfa 1. janúar 2015 líkt og 12. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu